

Nr. 13/1996.

Mánudaginn 11. nóvember 1996.

**Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Flugleiða hf.**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands
f.h. Flugvirkjafélags Íslands**

(Bjarki Diego hdl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurðað Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 7. þ.m., var höfðað með stefnu, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 30. október sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurlugvelli, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur.
2. Að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Flugvirkjafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda:

1. Að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi.
2. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur og að matartíminn teljist til vinnutíma.
3. Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, en áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að samkvæmt vaktavinnu-ákvæðum kafla 03. í kjarasamningi aðila séu vaktir þrenns konar, tvískiptar eða þrískiptar svo og kvöldvakt. Kvöldvakt sé unnin á tímabilinu frá kl. 16:20 til kl. 24:00 mánudaga til föstudaga. Heimilt sé, ef vinnuveitandi samþykki, að taka tvisvar sinnum 10 mínútna kaffihlé á kvöldvaktinni, enda lengist vaktin sem því nemur. Hins vegar hafi ekki verið gert ráð fyrir matartíma á þeirri vakt gagnstætt því sem sé um tví- og þrískiptar vaktir, sbr. gr. 03.-7. Ákvæði þessi hafi verið lengi í kjarasamningi aðila. Kvöldvaktir hafi þó fyrst verið teknar upp á síðastliðnu sumri. Í tengslum við það hafi aðilar gert með sér sérstakt samkomulag þann 13. júní 1996 um nánari útfærslu á kvöldvöktum að því er varðar akstur til og frá Reykjavík, neysluhlé o.fl. Þar hafi Flugleiðir fallist á að matarhlé skuli vera 30 mínútur frá kl. 19:00 til 19:30. Á móti hafi komið að kaffihlé sé aðeins eitt. Vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi aðila, hvað varðar matartíma á kvöldvakt, hafi jafnframt verið tekið fram í samkomulaginu að ágreiningur um lengd matartíma skuli fara fyrir Félagsdóm að ósk Flugleiða (þ.e. 30 mín. í stað 60 mín.). Ákveðið hafi verið að þetta fyrirkomulag skyldi gilda frá 17. júní til 28. júní 1996. Að þeim tíma loknum myndu aðilar endurskoða reynslu af kvöldvöktum og var síðan heimilt að framlengja samkomulagið frá 8. júlí 1996 til 2. ágúst 1996. Kvöldvaktir hafi síðan verið unnar í samræmi við það fyrirkomulag sem samkomulagið gerði ráð fyrir þann tíma eða frá 18.-20. júní og aftur frá 8. júlí – 2. ágúst.

Fyrirhugað hafi verið að hefja vinnu á kvöldvöktum að nýju þann 28. október sl. fram til 13. desember. Jafnframt sé fyrirhugað að setja samskonar vaktir á að nýju eftir áramót. Ástæða þess sé að hraða þurfi ársskoðun eigin flugvéla sem mest svo ekki þurfi að leigja erlendar vélar. Í þessu skyni hafi verið fastráðnir 16 flugvirkjar en ekki sé hægt að koma að nema ákveðnum fjölda starfsmanna samtímis við eina flugvél. Því sé þörf á að jafna starfsmannafjöldann yfir lengri tíma á vöktum.

Pegar hefja hafi átt vinnu á kvöldvöktum í október hafi stefndi borið fyrir sig að ágreiningur um lengd matartíma væri enn óleystur og félagsmönnum hans því óskylt að hefja vinnu á kvöldvöktum. Til þess að vinna á kvöldvakt geti hafist með eðlilegum hætti sé stefn-

anda því nauðsyn að fá skorið úr ágreiningi þessum með dómi Félagsdóms.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfugerð sína á því, að samkvæmt kjarasamningi aðila sé ekki gert ráð fyrir neinum matartíma á kvöldvakt, sbr. kafla 03. Með samkomulagi aðila frá 13. júní 1996 hafi Flugleiðir hins vegar fallist á að matartími skuli vera 30 mínútur á tímabilinu 19:00-19:30. Engin önnur ákvæði sé að finna í kjarasamningi aðila um matartíma á kvöldvakt. Samkvæmt kjarasamningnum sé einungis gert ráð fyrir tveimur tíu mínútna kaffihléum. Þetta komi greinilega fram þegar litið sé til reglna samningsins varðandi tví- og þrískipta vakt, en tekið sé fram að matar- og kaffitímar á slíkum vöktum skuli teknir eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni og að matartími skuli vera einn en kaffihlé tvö. Þá eigi ákvæði kafla 04. í kjarasamningnum um matartíma í yfirvinnu ekki við. Yfirvinnureglum verði ekki beitt fyrr en að lokinni dag- eða vaktavinnu.

Þá séu aðstæður á kvöldvakt mjög ólíkar því sem er á 12 tíma tvískiptri vakt. Sú framkvæmd sem tíðkast hefur varðandi töku matartíma á slíkum vöktum verði því ekki lögð til grundvallar vinnufyrirkomulagi á kvöldvöktum. Hvorki kjarasamningur né aðrar réttarheimildir renni þannig stoðum undir þann skilning að félagsmenn stefnda eigi rétt á 60 mínútna matartíma á kvöldvakt.

Varðandi 2. kröfu sína byggir stefnandi á því að ákvæði gr. 03.-1., 03.-2. og 03.-4. í kjarasamningi aðila um kvöldvaktir séu í fullu gildi. Honum sé því heimilt að taka upp slíkar vaktir að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar greinir.

Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að í 1. lið í stefnukröfum sé átt við greiddan matartíma. Matartími hafi verið greiddur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfunni.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að samkvæmt skýru ákvæði í kjarasamningi aðila skuli samstarfsnefnd fjalla um framkvæmd kaffi- og matarfyrirkomulags, áður en ágreiningi þar um er vísað til dómstóla.

Í gr. 03.-8. segir að um „framkvæmdir kaffi- og matarfyrirkomulags samningsins auk annara (sic) framkvæmdaatriða, fjalli samstarfsnefnd, sem skipuð er fjórum fulltrúum, tveim frá flugvirkjum og tveim frá atvinnurekendum“. Þar sem samstarfsnefnd hafði hins vegar ekki fjallað um ágreining um matartíma á kvöldvöktum áður en málinu var vísað til dómstóla, þrátt fyrir að aðilar hafi samið svo um með kjarasamningi að slíku úrræði skyldi beitt við lausn réttarágreinings sem hér er til umfjöllunar, verði að vísa málinu frá dómi.

Samkomulag aðila frá 13. júní nú í sumar breyti engu þar um. Hafi það verið gert vegna ítrekaðrar óskar stefnanda og einungis til bráðabirgða. Hafi ekki verið gengið endanlega frá lengd matartíma við undirritun samkomulagsins. Þá hafi samkomulagið og ákvæði þess um að vísa ágreiningi um matartíma til Félagsdóms einungis verið tímabundið, gilt frá 17.-28. júní og 8. júlí til 2. ágúst. Séu ákvæði samkomulagsins þegar af þeirri ástæðu ekki skuldbindandi fyrir aðila nú. Gildi því ákvæði kjarasamningsins, gr. 03.-8., um lausn ágreinings vegna lengdar matartíma á kvöldvöktum. Þar sem þær formreglur sem þar koma fram hafa hins vegar ekki verið virtar beri að vísa málinu frá dómi.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína í öðru lagi á því að kröfugerð stefnanda skv. 1. kröfulið í stefnu sé ekki nægjanlega ákveðin til þess að hún geti leitt til málaloka um sakarefnið, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr., sbr. og 4. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefnandi geri þær dómkröfur skv. kröfulið 1 „Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur“. Í kröfugerðinni sé hins vegar ekkert tekið fram um það hvort matartími eigi að teljast til vinnutíma eða ekki. Stefnandi haldi því fram að ekki sé gert ráð fyrir matartíma á kvöldvöktum. Ekki sé ágreiningur um að matartími á tví- og þrískiptri vakt skuli ekki frádreginn í útreikningi vinnustunda við kaupgreiðslur, sbr. gr. 03.-7. í kjarasamningi aðila. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku teljist matartími hins vegar ekki til vinnutíma. Verði fallist á fyrrgreindar dómkröfur stefnanda verði dómsniðurstaða því ekki nægjanlega skýr og afgerandi um hvernig réttindum aðila sé háttað. Megi því ætla að dómsniðurstaða í samræmi við nefnda kröfugerð stefnanda muni leiða til ágreinings um það hvort matartími eigi að teljast til vinnutíma eða ekki, og

jafnvel annars dómsmáls. Verði því að vísa frá dómi kröfulið 1 í stefnu.

Einnig er krafist frávísunar kröfu skv. 2. kröfulið í stefnu, þar sem stefnandi krefst þess: „Að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila“.

Hafi stefnandi aldrei beint kröfu þessa efnis að stefnda, enda sé enginn ágreiningur um að kjarasamningur aðila geri ráð fyrir að heimilt sé að láta flugvirkja vinna kvöldvakt, sbr. gr. 03.-2. Það sem aðilar hafi hinsvegar deilt um sé hvort taka skuli 30 eða 60 mínútna matartíma á kvöldvakt.

Þar sem enginn ágreiningur sé um kröfulið 2 í stefnu, og hafi aldrei verið, hljóti að verða að vísa honum frá dómi, þar sem stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úr þeirri kröfu sinni skorið, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi byggi kröfugerð sína á því að samkvæmt kjarasamningi aðila sé ekki gert ráð fyrir neinum matartíma á kvöldvakt. Því er alfarið mótmælt. Verði að telja að þrátt fyrir að hvergi sé tekið fram berum orðum í kjarasamningnum að matartími skuli tekinn á kvöldvakt þá standist önnur tilhögun hvorki lög né meginreglur laga, þar sem ganga verði út frá því sem meginreglu að maður sem vinni 8 klst. fái a.m.k. einn matartíma. Önnur tilhögun sé einnig í hrópandi ósamræmi við ákvæði kjarasamnings aðila er fjalla um matartíma og þá framkvæmd sem tíðkast hafi.

Líkt og fram komi í stefnu hafi sú framkvæmd tíðkast að á 12 tíma tvískiptum vöktum hafi verið tekið 60 mínútna matarhlé, sem teljist til vinnutímans. Virðist á því byggt í stefnu að við styttri vaktir, t.d. 8 tíma vaktir, skuli ekki tekinn lengri en 30 mínútna matartími. Þeirri tilhögun er hins vegar alfarið mótmælt þar sem hvorki kjarasamningur aðila né sú framkvæmd sem tíðkast hafi styðja þann skilning stefnanda.

Um vaktavinnu fari samkvæmt kafla 03.-0. Um matartíma í vaktavinnu er m.a. fjallað í gr. 03.-7. og gr. 03.-8. Hvergi í kaflanum sé hins vegar fjallað um lengd matartíma. Hafi framkvæmdin hins vegar verið sú að í vaktavinnu hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Um 12 tíma tvískiptar vaktir er vísað til þess sem áður segir og fram kemur í stefnu. Á þrískiptum vöktum skv. a)-lið gr. 03.-5. hafi einnig verið tekinn 60 mínútna matartími. Hið sama eigi

við um sveigjanlegan vinnutíma á vöktum samkvæmt gr. 03.-10., óháð því hvort unnið hafi verið 8 klst. eða meira, en unnið hafi verið eftir slíkum vöktum í seinni tíð. Hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími á slíkum vöktum, þrátt fyrir að ekkert sé tekið fram um lengd matartíma í gr. 03.-10. Þegar 8 klst. vaktir tíðkuðust hér áður fyrr hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Með vísan til langvarandi framkvæmdar í þessum efnum megi segja að fyrir því sé nú föst venja að tekinn sé 60 mínútna matartími þegar unnið er á vöktum.

Fari því lengd matartíma á vöktum eftir meginreglu gr. 02.-2. um matartíma í dagvinnu, þar sem fram komi að matarhlé skuli vera 1 klst., og teljist sá matartími til vinnutímans. Séu engin rök til þess að ákvarða styttri matartíma þegar unnið er í vaktavinnu heldur en við dagvinnu. Þvert á móti verði að telja að ákveðin rök séu til þess að hafa matartíma í vaktavinnu ekki styttri heldur en í dagvinnu.

Um rökstuðning fyrir frávísunarkröfu varðandi kröfulið 1 í stefnu vísar stefndi til gr. 03.-7. í kjarasamningi aðila. Byggir stefndi einnig á d-lið 1. mgr. 80. gr., sbr. 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um frávísunarkröfu varðandi kröfulið 2 í stefnu vísar stefndi til 25. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr.

Stefnandi krafðist þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnanda tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Niðurstaða.

Eins og 1. mgr. greinar 03.-8. í kjarasamningi málsaðila er orðuð verður hún hvorki skýrð á þann veg að þar sé verið að undanskilja túlkun á lengd matar- og kaffitímaákvæða samningsins dómsvaldi Félagsdóms né að mæla fyrir um málskotsleið sem sé nauðsynlegur undanfari dómsmáls um skýringu sömu ákvæða. Ekki virðist það heldur hafa verið skilningur málsaðila er þeir gerðu samkomulagið 13. júní sl. .

Þá verður ekki heldur á það fallist með stefnda að kröfugerð stefnanda samkvæmt 1. tölulið í dómkröfum hans sé ekki nægjanlega ákveðin til þess að hún geti leitt til málaloka um sakarefnið, enda liggur fyrir málflutningsyfirlýsing stefnanda um að matartími á kvöldvakt teljist til vinnutíma.

Í málflutningi aðila fyrir dóminum kom fram að af hálfu stefnda eða félagsmanna hans hefði heimild fyrir því að taka upp kvöldvaktir verið skilyrt, eins og samkomulagið frá 13. júní sl. ber raunar vitni um. Stefnandi hefur því lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um heimild sína til að taka upp kvöldvaktir.

Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.
